

Mánudaginn 22. nóvember 1976.

Nr. 29/1975. **Hulda S. Fjeldsted**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Theodór J. Jónssyni og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Skuldamál. Fógetagerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 28. febrúar 1975. Krefst hún sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. mars 1975. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að gagnáfrýjandi hafi gefið aðaláfrýjanda eftir skuld þá, sem málssóknin snýst um. Ber því að staðfesta héraðsdóm um skyldu aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 350.000 krónur ásamt vöxtum, svo sem þar greinir, en upphafstíma-marki vaxta hefur eigi verið andmælt.

Með bréfi lögmanns gagnáfrýjanda 29. maí 1974 til yfirborgarfégetans í Reykjavík er þess krafist, að kyrrsetning sé gerð í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar skuld þeirri, sem að framan greinir, ásamt vöxtum og kostnaði. Samdægurs tók fulltrúi yfirborgarfégeta, Jón P. Emils, til meðferðar beiðni þessa í fógetarétti Reykjavíkur. Samkvæmt endurríti úr þingbók lá m. a. fyrir fógeta beiðni um kyrrsetningu og skuldaryfirlýsing aðaláfrýjanda. Samkvæmt sama málgagni er bókað í þingbók, að Örn Clausen hæstaréttarlögmaður sæki þing fyrir gerðarbeiðanda „og krefst fjárnáms/löghalds fyrir kr. 350.000 með 9% ársv./mánaðarv. frá/af 4. september 1973“. Síðan segir svo: „Samkv. kröfu umboðsmanns

gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógæti yfir fjárnámi/löghaldi í eign/arhluta gerðarþola: Bifreiðinni R-36352, sem er af gerðinni Sunbeam, árgerð 1973. Fallið var frá virðingu. Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu“.

Bókun fógæta er, svo sem rakið er, ónákvæm og tvíræð, og verður eigi af henni ráðið, hvort fjárnám eða löghald hafi verið gert í eign aðaláfrýjanda. Vegna þessa annmarka er fógætagerð þessi ógild, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna aðaláfrýjanda af kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu hennar.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um málskostnað.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Framangreind fógætagerð er ógild.

Aðaláfrýjandi, Hulda S. Fjeldsted, greiði gagnáfrýjanda, Theódór J. Jónssyni, 350.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1974 til greiðsludags.

Úrlausn héraðsdóms um málskostnað á að vera órösk-uð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. janúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. janúar sl., hefur Theódór J. Jónsson, Grenimel 25, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. maí 1974, á hendur Huldu S. Fjeldsted, Eskihlíð 16, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 350.000 með 9% ársvöxtum frá 4. september 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst hann staðfestingar á löghaldi í bifreiðinni R 36352, sem er Sunbeam, árgerð 1973, eign stefndu, svo og alls útlagðs

kostnaðar við löghaldið, þar á meðal kostnaðar við þinglýsingu löghaldsins, en kostnaður þessi nemi samtals kr. 9.635. Löghaldið var gert þann 29. maí 1974.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda. Jafnframt krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í málinu án árangurs.

Til grundvallar málssókn stefnanda liggur skuldayfirlýsing, dags. 3. sept. 1973, undirrituð af stefndu. Skuldaryfirlýsing þessi hljóðar svo:

„Skuldabréf.

Ég undirrituð hef í dag tekið að láni kr. 350.000.00, þrjúhundruð og fimmtíu þúsund krónur, hjá Theódóri J. Jónssyni, Grenimel 25, til kaupa á bifreiðinni R-36352, Sunbeam, model 1973, hjá Agli Vilhjálmsyni, og veðset honum hér með téða bifreið að öllu leyti, þar til ég hef greitt skuld þessa að fullu“.

Innheimtubréf liggur ekki fyrir í málinu, en stefnda mun hafa mætt á skrifstofu lögmanns stefnanda eftir boðun og neitað þá að greiða skuldina. Þann 29. maí 1974 fer lögmaður stefnanda fram á það við yfirborgarfégeta, að eignir stefndu verði kyrrsettar til tryggingar téðri skuldaryfirlýsingu, kr. 350.000, ásamt 9% ársvöxtum frá 4. september 1973 til greiðsludags auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, allt á hans ábyrgð og gegn þeirri tryggingu, sem ákveðin kunni að verða. Kyrrsetning þessi fór fram 29. maí 1974. Lögmaður stefnanda mætti við kyrrsetninguna, en af hálfu stefndu var ekki mætt. Að tilhlutan fégeta mætti þar Guðbrandur Benediktsson, sem kvaðst ekki geta greitt. Bifreiðin R 36352, Sunbeam, árgerð 1973, var kyrrsett að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda. Löghaldinu var síðan þinglýst. Kostnaður við löghaldið skiptist þannig, lög-hald kr. 4.010, þinglýsing kr. 5.565 og endurrit kr. 60.

Af hálfu stefnanda er málssóknin byggð á skuldayfirlýsingunni, neitun stefndu á greiðslu hennar samkv. áskorun á skrifstofu lögmanns hans og eftirfarandi löghaldi.

Stefnda byggir sýknukröfur sínar fyrst og fremst á því, að hún skuldi stefnanda ekkert. Stefnandi hafi gefið eftir tilgreinda skuld, kr. 350.000. Hann hafi lofað að rífa skuldaviðurkenninguna og jafnframt lýst því yfir, að hann mundi aldrei gera kröfu í bifreiðina R 36352. Þá er því jafnframt haldið fram, að löghald það, sem stefnandi gerði í bifreið stefndu, R 36352, Sunbeam, árgerð 1973, sé eigi lögformlega framkvæmt, að minnsta kosti beri

þau skjöl, sem fram séu lögð, ekki með sér, að löghaldstrygging hafi verið sett. Slíkt hljóti að leiða til þess, að synjað verði um staðfestingu löghaldsins, hvernig sem málið annars kunnir að fara.

Lagt hefur verið fram endurrit úr fógetabók, þar sem fram kemur, að fallið er frá vörslusviptingu bifreiðarinnar að sinni. Lögmenn aðilja hafa lýst því yfir, að það hafi verið gert með samkomulagi og einnig hafi þá orðið samkomulag um að falla frá, að trygging yrði sett fyrir löghaldinu.

Aðiljar hafa komið fyrir dóm og segja nokkuð misjafnt frá. Stefnandi, Theódór J. Jónsson, segir svo frá tilefni skuldayfirlýsingarinnar, að stefnda hafi margbeðið sig að lána sér peninga fyrir nýjum bíl. Hún hafi átt gamla Moskwitch-bifreið, model 1966. Hann hafi verið dálítið tregur í fyrstu, en síðan látið þetta eftir henni. Moskwitch-bifreiðin hafi verið tekin upp í nýju bifreiðina fyrir kr. 41.000, en bifreiðin hafi kostað kr. 391.000 ný hjá Agli Vilhjálmsyni h/f. Hann hafi lánað henni kr. 350.000, til þess að hún gæti greitt hana að fullu. Hann hefur lagt fram kvittun frá Agli Vilhjálmsyni h/f, dags. 4. sept. 1973, þar sem segir, að Hulda S. Fjeldsted hafi greitt kr. 350.000 inn á reikning sinn vegna kaupa á nýjum Sunbeam. Stefnandi sagði, að engir vottar hefðu verið viðstaddir, þegar skuldayfirlýsingin var undirrituð heima hjá honum að Grenimel 25. Hulda hafi þá verið þar til heimilis. Hann áleit, að Hulda hefði flutt heim til hans í ágúst 1973, en hún hafi flutt þaðan fyrir páskana 1974.

Bréfið kvað hann hafa átt að greiða eftir atvikum, eftir því sem Hulda gæti, hvorki hafi verið talað um ákveðna gjaldþaga né hvernig greiða skyldi. Hann hafi verið farinn að innheimta bréfið, meðan hún var enn til heimilis hjá honum. Hann hafi þó ekki byrjað á því fyrr en eftir jólin, eða um áramótin 1973—1974. Hann hafi þó ekki skrifað henni innheimtubríf. Hann kvað það ósatt, að hann hafi gefið skuldina eftir og hafa lofað að rífa skuldaviðurkenninguna. Hann sagði ekkert hafa verið rætt um skuldaviðurkenninguna, þegar Hulda flutti frá honum. Hann kvað þau hafa búið saman þann tíma, er stefnda var til heimilis að Grenimel 25.

Stefnda hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að skuldayfirlýsingin hafi ekki verið rituð í sambandi við lán á kr. 350.000. Stefnandi hafi gefið henni bifreiðina. Hún skýrði svo frá, að hún hefði verið að skilja við mann sinn og þá hafi stefnandi skrifað henni og beðið hana að tala við sig. Hún hafi farið og hann boðið henni að koma til sín. Hún mundi hafa það svo gott og svo mundi

hann gefa henni bíl. Hún hafi síðan farið til hans. Stefnandi hafi síðar fengið hana til þess að skrifa undir yfirlýsinguna. Hann hafi fengið hana til þess að skrifa undir yfirlýsinguna, rétt áður en hún fór af heimilinu, þegar hann fór að halda, að hún færi. Dagsetningin á yfirlýsingunni sé því ekki rétt. Engir vottar hafi verið að undirskrift yfirlýsingarinnar. Þegar hún hafi flutt burtu, hafi hún sagt við stefnanda: „Þú lætur mig hafa þetta bréf, sem þú lést mig skrifa undir í þrælsóttu eða neyddir mig til að skrifa undir“. Hann hafi sagst ekki hafa bréfið heima, en lofað að koma með það í vinnuna til hennar daginn eftir.

Hún sagði ekkert hafa verið rætt um, hvernig ætti að greiða þessa skuldaviðurkenningu og ekki um vexti af henni. Stefnandi hafi komið fram í eldhús til hennar og beðið hana að skrifa undir, að hún skuldaði þessa upphæð. Þau hafi búið saman, hún og Theódór, þegar þetta var. Hann hafi aldrei reynt að innheimta þetta og það hafi verið fyrst, eftir að hún var farin af heimilinu, að lögmaður stefnanda hafi reynt að innheimta yfirlýsinguna hjá henni. Hún sagði, að daginn, sem hún flutti í burtu, hafi hún beðið stefnanda að koma með bréfið og hann hafi játað því. Hún sagði tvö vitni að þessu.

Fyrir dóminn hefur komið Stefán Kristjánsson Fjeldsted og staðfest vottorð, sem fram hefur verið lagt í málinu, undirritað af honum um, að hann hafi verið staddur á heimili Theódórs J. Jónssonar, Grenimel 25, 10. mars 1974, þegar Theódór lýsti því yfir við Huldu Fjeldsted, að hann mundi rífa bréfið, sem hann neyddi hana til að skrifa undir, þar sem standi, að hún skuldi honum 350.000 krónur, og að bíllinn R 36352 væri hennar eign og hann mundi aldrei gera kröfu til bílsins.

Hann gerði þær athugasemdir við bréfið, að Hulda hafi beðið stefnanda um að afhenda sér bréfið, sem hann hefði neytt hana til að skrifa undir, og stefnandi sagst mundu koma því til hennar daginn eftir, á mánudegi, því hann geymdi það úti í bæ. Hann var að því spurður, hvort stefnandi hafi viðurkennt, að hann mundi ekki innheimta þessar krónur 350.000 hjá stefndu. Hann sagði, að aðeins hafi verið talað um bifreið, en ekki um tölur, og stefnandi hafi gefið í skyn, að hann ætlaði ekkert að gera úr þessu. Hann kvaðst ekki muna, hvernig stefnandi hafi tekið til orða. Vitnið er bróðursonur Huldu Fjeldsted.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Páll Helgi Guðmundsson bílstjóri. Hann kvaðst ekki vera kunnugur Huldu S. Fjeldsted, en hafa flutt hana frá Grenimel 25 og upp í Hlíðar á sl. vori ásamt

ungum pilti, sem honum hafi skilist, að væri skyldur Huldu. Hann minntist þess, að Hulda og Theódór voru að tala um eitt-hvert bréf, þegar þeir voru að flytja muni hennar út af Grenimel 25. Skildist honum, að Hulda vildi fá bréfið, en Theódór hafi sagst ekki hafa það. Hann þorði ekki að fullyrða, hvort Theódór ætlaði að láta Huldu fá þetta bréf. Honum fannst þó frekar, að Theódór hafi ætlað að útvega bréfið og láta Huldu hafa það. Hann sagði Huldu hafa tekið það fram, að bréfið væri í sambandi við bifreið, sem Theódór hefði gefið henni, eða eitthvað í þá áttina. Hann sagði Huldu hafa síðar komið heim til hans með bréf, sem hún vildi fá hann til að undirrita. Hann hafi neitað því. Hann kvaðst hafa neitað að skrifa undir bréfið, þar sem hann vildi ekki ábyrgjast, að rétt væri með farið. Hann hafi ekki hlustað það vel. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda kvaðst hann muna, að Hulda hafi farið fram á það, að Theódór rífi bréfið, en mundi ekki, hverju Theódór svaraði.

Álit dómsins.

Stefnda hefur viðurkennt að hafa ritað undir skuldabréfið eða skuldayfirlýsinguna, sem málssókn stefnanda byggist á. Gegn neitun stefnanda þykir stefnda ekki hafa sannað, að stefnandi hafi gefið henni þessa skuld eftir. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að stefnda skuldi stefnanda upphæðina skv. skuldayfirlýsingunni, kr. 350.000. Í skuldayfirlýsingunni er þess ekki getið, að skuldin eigi að bera vexti eða hver gjaldalagi hennar eigi að vera, óupplýst er, hvenær stefnandi sagði upp skuldinni og gjaldfelldi bréfið. Þykir þó mega við það miða, að svo hafi hann gert ekki síðar en með birtingu stefnu 30. maí 1974, og þykir þannig mega dæma vexti af upphæðinni frá þeim degi. Samkvæmt kröfu stefnanda, sem ekki hefur verið andmælt sérstaklega, þykir mega miða hæð vaxtanna við 9% ársvexti. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 18/1949 skal fógeti krefja gerðarbeiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, áður en kyrrsetning byrjar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en þetta hafi fyrirfarist og að trygging hafi ekki verið sett, en þar sem aðiljum ber saman um, að í fógetarétti 11. júlí 1974 hafi orðið samkomulag um, að ekki þyrfti að setja tryggingu vegna löghaldsins, þykir þrátt fyrir ofangreinda annmarka mega staðfesta löghaldið.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af því.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Hulda S. Fjeldsted, greiði stefnanda, Theódór J. Jónssyni, kr. 350.000 með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1974 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum. Stefnandi á löghald í bifreiðinni R 36352, Sunbeam, árgerð 1973, eign stefndu, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.
